

Í haust var ég svo heppinn að fá að dvelja í Marseille í Suður-Frakklandi í þrjár vikur til að skrifa. Ferðalagið og dvölin voru verðlaun í smásagnakeppni sem ég tók þátt í síðasta vetur. Þetta var mikil hvatning til að skrifa, bæði keppnin sjálf og verðlaunin. Ég hef verið að breyta ýmsum venjum hjá mér og rýma til fyrir þessu áhugamáli sem ég hef ekki gefið mér tíma til að sinna af neinu viti.

Ég er búinn að vera með í kollinum lengi hugmynd að vísindaskáldsögu/spennusögu og hef verið að vinna í henni á morgnanna áður en fjölskyldulífið og vinnudagurinn hefst. Úti í Frakklandi komst ég svo vel af stað og sagan lifnaði við. Ég skrifaði að meðaltali 1500 orð á dag sem er kannski ekki mjög mikið en ég var líka að skoða mig um.

Þarna tóku á móti mér Dominique og Jean en þau reka listamannaíbúð sem kallast Höfn (<http://hofn.free.fr>) og er hluti af menningarstofnuninni Hotel du Nord. Jean starfaði sem heimspekingur og kennari við listaskóla í bænum Aix í útjaðri Marseille en fór á eftirlaun á meðan ég var þarna. Hann sýndi mér skólann og var ósjaldan bílstjórinn okkar í leiðöngrum um svæðið. Dominique, sem bjó á Íslandi í 10 ár, gaf sér góðan tíma til að sýna, segja frá og kenna mér að lifa þarna næstum því eins og heimamaður. Fyrir vikið fannst mér ég ekki vera argasti túristi heldur fékk ég nasasjón af raunverulegu lífi í borginni. Svo fékk líka að smakka á matnum þeirra og leiðbeiningar um eldamennsku.

Í Norður-Marseille er meiri fátækt en í öðrum borgarhlutum. Þegar fjallað er um hverfið snýst það stundum um aukna glæpatíðni, innflytjendavandamál og betlandi förufólk frá Rúmeníu. Marseille hefur alltaf verið mikilvæg höfn, fólkið þar kemur víða að og í borginni má kynnast lífi og siðum fólks allt í kringum Miðjarðarhafið. Þarna í Norður Marseille býr fólk sem vill hverfinu allt það besta og vill nota menningu og listir til að halda ljósinu logandi. Dominique og Jean eru dæmi um það; duglegt fólk sem lætur gott af sér leiða.

Ég er mjög hrifin af því hvernig Höfn nálgast þetta verkefni sitt; að vera listamannaíbúð. Stundum þegar fólk kemur til svona dvalar eru lagðar á það skyldur. Það þarf að sýna verk sín, taka þátt fræðsluverkefnum og menningarstyrkir eru gjarnan skilyrtir. En þarna er lagt upp með að fólk fái frelsi til að gera það sem það vill og að tíminn og aðstæðurnar nýtist því sem best. Því eru engar kröfur gerðar en vissulega möguleikar á slíku ef fólk telur það koma sér vel eða hefur áhuga. Þá eru þeir sem koma í Höfn hvattir til að kynnast staðnum og fá aðstoð við það og meira að segja ökutæki til umráða! Þetta hentaði mér vel því ég vildi fyrst og fremst nýta tímann til að skrifa enda erfitt að fá næði til þess heima á Íslandi.

Mér finnst þetta hafa verið gjöful ferð. Ég kom heim með fullan poka af hugmyndum að smásögum og er langt kominn með eina sem ég er mjög spenntur fyrir. Tímamótaverk! Það er gaman að vinna að nokkrum verkum í einu, ævintýri að fara út að hlaupa og hugsa um þetta allt.

Bara það eitt að skipta um umhverfi og takt kveikir nýjar tengingar og hugmyndir verða til. Þær eru mótaðar af breytingunni sjálfri ekki síður en hinum nýja stað. Sumar hugmyndirnar fólu í sér nýja sín á lífið heima á Íslandi en aðrar gætu orðið Marseille-sögur um það sem ég sá með mínu gestsauga.

Það fólst mikil hvatning í smásagnasamkeppninni sem leiddi mig þangað út. Það voru sendinefnd ESB á Íslandi og upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna í Vestur-Evrópu sem stóðu fyrir henni síðasta vetur í samvinnu við Rithöfundasambandið og Hugvísindastofnun Háskóla Íslands. Þemað var mannréttindi og tilefnið að 70 ár voru liðin frá því að mannréttindayfirlýsing SP var samþykkt. Ég er mjög þakklátur þessum aðilum og einnig þeim Dominique og Jean í Höfn/Hotel du Nord í Norður-Marseille. Takk fyrir mig.

Rúnar Snær Reynisson